

# Skólaráðsfundur

28. maí 2024 kl. 8:15 í Tjarnarsal

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson og Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúar kennara, Erla Ösp Ísaksdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Manassa Qarni og Kristín Eva Harðardóttir fulltrúar foreldra. Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Örylgur Svanur Aðalsteinsson fulltrúi nemenda.

## 1. Fyrirhugaðar framkvæmdir í sumar

Rakaskemmdir verða lagaðar í elsta hluta skólans. Ýmsar ráðstafanir gerðar í rýmismálum vegna fjölgunar nemenda. Minni stofur og geymslur sameinaðar, tilfærsla á starfssemi o.fl. Verið er að vinna í drenskurði við yngsta hluta skólans.

## 2. Áætlaður nemendafjöldi næsta skólaár

Nú þegar er ljóst að tæplega 230 nemendur munu stunda nám við skólann í skólabyrjun. Til viðbótar er búist við fjölgun nemenda í stækkandi samfélagi. Staðan er þó óljós.

## 3. Skipulag næsta skólaárs

Horfið verður frá því formi teymiskennslu sem unnið var með þetta skólaárið, þar sem bekkjum var blandað saman. Næsta skólaár verður kennt í hefðbundnum bekkjum. Gert er ráð fyrir að fjölga bekkjum í 2. og 4. bekk vegna fjölgunar nemenda. Það verða því tveir bekkir í þeim árgöngum. Enn er verið að auglýsa eftir starfsfólki.

## 4. Skipulag vordaga og skólaloka

Skipulag vordaga verður hefðbundið í ár. Fyrri daginn verður tiltekt og skólahlaup. Seinni daginn verður sáning grasfræja á yngsta stigi, útvisstarferð á Háabjalla á miðstigi. Golfgleði hjá 8.-9. bekk og mun 10. bekkur leika sér í skólanum. Skólaslit verða eftirmiðdag seinni vordags og er það nýjung.

## 5. Skólaráð næsta skólaár

Farið yfir skipan skólaráðs næsta ár. Flestir gefa kost á sér áfram en farið verður í að manna ráðið fyrir næsta skólaár í september.

## 6. Önnur mál

- Rætt um viðbrögð við óviðeigandi klæðnaði nemenda. Skólinn aðhefst ekki meira en nauðsynlegt þykir. Klæðnaður nemenda er í höndum foreldra.
- Fulltrúi foreldrafélagsins spyr hversu marga þráðlausa míkrafóna skólinn á. Skólinn á tvo míkrafóna og fimm höfuðmíkrafóna.
- Spurt hvort skólinn hafi ekki hugsað að vera með þema á salernum nemenda, t.d. ljóð, stærðfræðitengd eða annað á veggjum.
- Rætt um hvort skólinn sé með reglur um gjafir sem foreldrar/nemendur gefa einstökum kennurum á t.d. skólaslitum. Hefur skólinn engar slíkar reglur.
- Spurt um reglur með rafhlaupahjól hjá 1.-2. bekk. Skólareglur kveða á um að ekki sé leyfilegt að vera á slíkum hjólum á skólalóð á skólatíma. Taka þarf umræðu við nemendur og foreldra um notkun rafhlaupahjóna.

Fundi slitið kl. 9:20  
Fundarritari: Hilmar Egill